

AUGLÝSING
um óverulega breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027,
Dalbraut 1, Eskifirði.

Samkvæmt 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, hefur Skipulagsstofnun þann 6. mars 2011 staðfest breytingu á aðalskipulagi Fjarðabyggðar 2007-2027 frá 24. ágúst 2009.

Breytingin tekur til landnotkunar á lóðinni Dalbraut 1 á Eskifirði, sem breytist úr blönduðu athafna-, verslunar- og þjónustusvæði V1/A1 í svæði fyrir þjónustustofnun S10, hjúkrunarheimili. Landnotkun á öðrum hlutum reitsins V1/A1 helst óbreytt.

Samkvæmt fyrirbyggjandi gögnum hefur málsmeðferð verið í samræmi við skipulagslög nr. 123/2010. Breytingin öðlast þegar gildi.

Skipulagsstofnun, 6. apríl 2011.

Stefán Thors.

Erna Hrönn Geirsdóttir.

B-deild – Útgáfud.: 28. apríl 2011